


## VinnuStund sjálfsþjónusta

VinnuStund er kerfi sem heldur utan um skráningu á öllu sem viðkemur viðveru, leyfum, fjarvistum og réttindum viðkomandi starfsmanns. Til þess að skrá sig inn í VinnuStund er farið inn á heimasíðu Fjársýslu ríkisins [www.fjs.is](http://www.fjs.is) og smelt á hnappinn „Sjálfsafgreiðsla“.



Þá opnast innskráningarglugginn í Orra, mannauðskerfi ríkisins. Slegið er inn notandanafn, sem samsett er úr skammstöfun stofnunar og starfsmannanúmeri dæmi: FJS-12345 og aðgangsorð, sama auðkenni og viðkomandi hefur notað í VinnuStund og smelt á „Skrá inn“. Einnig má notast við rafræn skilríki til að opna kerfið, þá er símanúmer slegið inn og smelt á „Skrá inn“ þeim megin. Athugið að ef starfsfólk er í starfi á tveimur stofnunum, þá þarf að slá inn notandanafnið sem tilheyrir starfinu þegar rafræn auðkenning er notuð.

Þá opnast valmyndin í Orra og smelt er á VinnuStundarmerkið til að opna kerfið. Einnig er hægt að smella á strikin þrjú efst í vinstra horni og velja „Sjálfsafgreiðsla starfsmanna“ og svo „VinnuStund“. Athugið, ef VinnuStund opnast ekki þá þarf að stilla vafrann þannig að hann birti “pop up” glugga (haka við að pop up blocker sé stilltur á off).




## Hjálp í VinnuStund

Hjálp í VinnuStund veitir allar upplýsingar sem hægt er að fá um sjálfsþjónustu.



Hún er sett upp í kafla eins og koma fram í skjáskotinu hér að neðan.



Allir notendur hafa aðgang að sjálfsþjónustu kerfisins og í henni getur starfsfólk:

- Skoðað tímauppgjör sitt, gert breytingar á tímafærslum og skráð fjarvistir
- Skoðað vaktáætlun fyrir sinn vaktahóp
- Gert athugasemdir við vaktir á ósamþykktu tímabili
- Vaktavinnumenn geta óskað eftir vöktum og fríum
- Skoðað stöðu leyfa
- Óskað eftir leyfum
- Skoðað tilkynningar
- Skoðað viðveru
- Skoðað fjarvistir á tímabili

## Valmyndin í VinnuStund

Þegar við opnum VinnuStund birtast upplýsingar um tímafærslur. Þar birtast inn og útstimplanir og fyrir ofan „Tímabil“ gluggana birtist, með stjörnumerkttri færslu, hvort og hvenær stimplað var inn. Þarna er hægt að breyta og bæta við færslum, senda skilaboð til yfirmanns o.fl. Staða orlofs birtist á

miðri mynd hægra megin. Til þess að breyta og/ eða laga stimplanir er smellt á viðkomandi stimplun með músinni og réttar upplýsingar skráðar. Sjá nánar í „Hjálp“ undir tímafærslur.

Allt sem er blálitlað á skjánum í VinnuStund er með eitthvað á bak við sig og hægt að smella á til að sjá hvað þar stendur.

Þegar valmyndin „Ég“ er opnuð, þá birtist þessi mynd og þar sjáum við ýmsar upplýsingar sem tilheyra okkur og eru sóttar úr skráningu um okkur í Orra. Fliparnir á skjámyndinni veita frekari upplýsingar, með því að smella á þá má sjá hvað annað er skráð.

#### Sjálfsþjónusta » Ég

Nafn:	Helga Gunnarsdóttir	Kennitala:	1234567890
Skipulagseining:	1234567890	Kyn:	Kona
Byrjunardagsetning:	01.01.2022	Endadagsetning:	
Kjarasamningur:	Helga Gunnarsdóttir vinnuáhrifa 2022	Starfsheiti:	1234567890
Staðsetning:	1234567890	Yfirmaður:	Helga Gunnarsdóttir
Starfsnúmer:	123456	Starfshlutfall:	100
Vinnutímaskipulag HR:	Dagvinna		

Vinnufyrirkomulag	Nánar	Yfirvinnusamningar	Síusamningar	Vinnuskil	Stimpilklukkur	Hlutfall	Saga	Aðgangur	Uppgjör	Úttektir
Vinnutímaskipulag	Vinnufyrirkomulag	Kaffitímar vaktvinnumanna	Bæting	Vikunr á upphafs dags	Stimplunarfrávik gildir	Fæðisfé	Dags. frá	Dags. til		
Dagvinnumenn með sveigjanlegan vinnutíma						Já	Nei	01.02.2021		

Þegar valmyndin „Fjarvistaóskir“ er opnuð, birtist yfirlit þeirra óska sem þegar er búið að biðja um. En með því að velja „Plús“ hnappinn, þá er hægt að óska eftir fjarvist á ákveðnum tíma og skýring gefin ef hún á við. Yfirmaður sér óskina og tekur aftstöðu til hennar.

#### Sjálfsþjónusta » Fjarvistaóskir

Nafn:	Helga Gunnarsdóttir	Kennitala:	1234567890							
Tegund fjarvistar	Dags. frá ósk	Dags. til ósk	Athugasemd	Dags skráð	Staða	Dags. frá samþ.	Dags. til samþ.	Skýring	Afstaða tekin af	Afstaða dags.
Orlof	07.02.2022	14.02.2022	Óska eftir orlofi vegna veikis	06.01.2022 13:45	Samþykkt	07.02.2022	14.02.2022		Helga Gunnarsdóttir	06.01.2022

Þegar smellt er á „Plús“ hnappinn, birtist þessi mynd, valdar eru dagsetningar frá og til. Ef um fleiri en einn dag er að ræða þá eru ekki settar inn tölur í frá og til kl. heldur er það svæði haft autt. Leyfisóskin berst yfirmanni og hann tekur afstöðu til hennar. Ef valið var að fá tilkynningu senda í tölvupóstfang, þá kemur tölvupóstur á það netfang sem skráð er í Orra, þegar yfirmaður er búinn að taka afstöðu til leyfisóskarinnar.

## Sjálfsþjónusta » Fjarvistaóskir » Nýskrá

Nafn:  Kennitala:

Tegund fjarvistar	Tímabil	Skráð staða		Fritökuréttur/ Frí í stað greiðslu	Flutt frá fyrri tímabili	Úttekið	Staða til úttektar 13.01.2022	Ávinnsla	Skráð ávinnsla	Úttekt skráð eftir 13.01.2022
		Til úttektar	Greitt út							
Orlof	01.05.2021 - 30.04.2022	0,00	0,00		0,00	0,00		0,00	0,00	0,00
Áunnir hvíldartímar	01.01.2022 - 13.01.2022	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00		0,00	0,00	0,00

Dags. frá  Dags. til

Frá kl.  Til kl.

Tegund fjarvistar:   Fá senda tilkynningu í tölvupóstfang

Athugasemd

Vista

„Leyfi“ í valmyndinni vinstra megin birtir allar upplýsingar um stöðu orlofs o.fl. Hægt er að smella á allar blálitadaðar tölur og fá frekari upplýsingar.

## Sjálfsþjónusta » Leyfi

Nafn:  Kennitala:

Kjarasamningur:  Tímabil: 01.08.2021 - 31.12.9999 Ítarlegt

Leyfi	Tímabil	Staða til úttektar 13.01.2022	Úttekið	Úttekt skráð eftir 13.01.2022	Ávinnsla	Nánar
Orlof	01.05.21 - 30.04.22		0,00	0,00	0,00	
Áunnir hvíldartímar	01.01.22 - 13.01.22		0,00	0,00	0,00	

Ef smellt er á „Stimpilklukka“ í valmyndinni þá er boðið upp á að stimpla sig inn og út.

## Sjálfsþjónusta » Stimpilklukka

Auðkenni í klukku:

Stofnun:

Dagsetning: 13.01.2022

Stimplun: 12:05

Starfsmaður er skráður inn síðan: 13.01.2022 07:49

Undir „Tilkynningar“ í valmyndinni birtast þær tilkynningar sem sendar hafa verið á viðkomandi í gegnum kerfið.

Undir „Fjarvistir“ í valmyndinni er boðið upp á að skoða allar þær fjarvistir sem hafa verið skráðar á viðkomandi. Annaðhvort sem samtölur eða brotið niður á hvern dag eftir því hvað er valið í felligluggnum.

## Sjálfsþjónusta » Fjarvistir

Fjarvistategund

Birta

Tímabil

Hér hefur einungis verið stiklað á því helsta í sjálfsþjónustu VinnuStundar. Allar frekari upplýsingar er að finna í hjálp sem birtist sem ? (spurningarmerki) á stikunni efst til hægri á skjánum.